



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 17. maí 2021



Þriðji fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. maí 2021 kl. 12.30.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason og Reynir Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 4 mánaða uppgjör
AP kynnti 4 mánaða uppgjör. Vorið er búið að vera mjög dýrt vegna Covid og ber uppgjórið þess merki.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Ráðningamál
RG kynnti stöðu á ráðningasamningum landsliðsþjálfara og vinna er hafin við endurnýjanir.
 - b. Bikarkeppni yngri flokka
Bikarkeppni yngri flokka verður ekki viðkomið í vor og er það niðurstaða stjórnar að aflýsa henni þetta keppnistímabilið.
 - c. Hópförð á EM
Karlalandsliðið mun leika í Búdapest í janúar ásamt Hollandi, Portúgal og Ungverjalandi. Fyrirhugað er að setja upp hópförð 14.-19. janúar og er skrifstofan í sambandi við Ícelandair og mótshaldara vegna þessa.
 - d. Staða styrktaraðila
RG kynnti hver er staða á styrktaraðilum og hvað er á endurnýjun í ár. Vinna er með markaðsnefnd við endurnýjun samninga.
4. Verkefni sumarsins í yngri landsliðum
RG kynnti þau verkefni sem eru framundan hjá yngri landsliðunum. Stefnt er að því að taka þátt í öllum verkefnum yngri landsliða í sumar ef aðstæður leyfa. Skrifstofan mun vinna verkefnin áfram.
5. Nefnd um kvennahandboltann
Stjórn er beðin um að senda tilnefningar af meðlimum á RG fyrir næsta fund. Stefnt er að því að skipa nefndina þá.
6. 100 ára afmæli handboltans
Markaðsnefnd er beðin um að koma með tillögur af viðburðum fyrir næsta fund stjórnar.
7. Önnur mál
 - a. Nefndarformenn eru beðnir um að huga að skipun nefnda fyrir næsta fund stjórnar HSÍ

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 2. júní kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari